

Mál nr. 343/2009

M og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar Olíudreifingar h.f.

Maður slasaðist við vinnu sína þegar armur á bílalyftu féll niður þ. 20.1.2009..

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 28.9.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-8.
2. Bréf V dags. 5.10.2009.

Málsatvik.

M var að setja upp bílalyftu fyrir höfnina á Seyðisfirði þegar armur efst á lyftunni féll niður með þeim afleiðingum að sögn M að hægri hönd hans klemmdist og fingur brotnaði og nöglin fór af. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda O hjá V og bendir á að M hafi ekki stjórnað verkinu heldur verið til aðstoðar og armurinn sem féll niður hefði ekki haft eðlilega festu og verið því tjón M einnig rakið til bilunar eða galla á því tæki sem unnið var með í umrætt sinn. V segir að félaginu hafi ekki borist krafa frá M eða lögmanni hans í ábyrgðartryggingu O hjá V. V vísar til 2.mgr. 5.gr. samþykktar fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem segir að málskotsaðili skuli hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar með mál sitt en það hafi ekki verið gert. Þá heldur V því fram að engar sérstakar aðstæður réttlæti sérmeðferð í máli þessu og vísar í því sambandi til ákvæða 3.mgr. 5.gr. samþykktar fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Af þeim sökum telur V að ekki séu forsendur til þess að Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum taki mál þetta til meðferðar.

Álit.

M eða lögmaður hans hafa ekki lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag. Þegar af þeirri ástæðu er málinu vísað frá sbr 2.mgr. 5.gr. samþykktar Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 27.10 . 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.